

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvennt, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. júlí s.l., þar sem greint er frá samþykki safnaðarfundar Nauteyrarsóknar hinn 24. maí s.l., um skiptingu sóknarinnar í tvær sóknir, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn, en sú samþykkt var síðan staðfest af héraðsfundi Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis hinn 14. júní s.l. Með skírskotun til tillagna yðar, um að fallizt verði á þá samþykkt framan- greindra aðila, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvær sóknir, þannig að syðri hluti sóknarinnar, að Hallsstöðum, myndi Nauteyrarsókn, en Hallsstaðir og síðan allir bæir sóknarinnar norður að mörkum Unaðsdalssóknar myndi Melgraseyrarsókn, tekur ráðuneytið fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild 11. gr. laga um skipun prestakalla o. fl. umrædda tillögu um skiptingu Nauteyrarsóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, þannig að hún taki gildi 1. október.

12. ágúst 1970.

Nr. 180.

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 um endurgreiðslur gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda heimild eins og hér segir:

I. Endurgreiðslur vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafizt er handa um nýsmíði skips, skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það siglingamálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

2. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða 7.5% af samningsverði skipa, annarra en súðbyrtra skipa, en þau skulu njóta tollendurgreiðslu samkvæmt 3. og 4. gr. þessarar auglýsingar. Með samningsverði er átt við verð það, sem skráð er í smíðasamningi. Endurgreiðsla getur farið fram í eftirtöldum áföngum, gegn staðfestingu siglingamálastjóra hverju sinni, um að viðeigandi smíðastigi sé lokið eða afhending til kaupanda hafi farið fram.

- a. 2.5% þegar lokið er við að byrða bol skips eða sjóða hluta bols þess (sektionir) saman eða reisa bönd, ef um tréskíp er að ræða.
- b. 2.5% þegar húið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður.
- c. 2.5% þegar afhending skips til kaupanda hefur farið fram, eða smíði er endanlega lokið.

Af aðalvél, sem er undir 300 hestöflum, endurgreiðir ráðuneytið toll gegn framvisun frumrits tollreiknings og vörureiknings (faktúru) vélarinnar. Endurgreiðsla getur farið fram, þegar siglingamálastjóri hefur staðfest, að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.

3. gr.

Telji skipasmiðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu samkvæmt ofan-skráðu, skal hún, í stað umsóknar um þriðja áfanga endurgreiðslunnar, skv. 2. gr., senda siglingamálastjóra sundurliðun yfir allar tollagreiðslur vegna skipsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal greind vörutegund, magn, c.i.f. verð herrar ein-ingar, tollflokkur og sú tollupphæð, sem greidd hefur verið. Frumrit tollreikninga ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, þegar því verður við komið.

4. gr.

Geti skipasmiðastöð ekki framvísað tollreikningum og vörureikningum yfir vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstök eyðublöð, þar sem greina skal heiti vörunnar, magn, kaupverð, tollflokk og upphæð þá, sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deilt með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti, né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun fylgi vörureikningar eða nótur yfir vörunnar. Tollendurgreiðslan fellur til skipa-smiðastöðvar þeirrar, sem smíðina annast.

5. gr.

Geti fjármálaráðuneytið fallizt á sundurliðun skv. 3. og 4. gr., fer fram upp-gjör á þann hátt, að skipasmiðastöð verða endurgreiddir tollar þeir, sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi skv. 2. gr.

6. gr.

Hafi kaupandi skips sjálfur lagt til vélar, tæki eða annað ónotað innflutt efni til skipsins, getur ráðuneytið endurgreitt tolla af því til kaupanda gegn fram-vísun tollreikninga og vörureikninga, enda votti siglingamálastjóri, að hlutirnir hafi verið notaðir til skipsins, og hvorki verð þeirra né kostnaður við niðursetn-ingu þeirra sé innifalinn í samningsverði skipsins.

7. gr.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu vegna aukins innflutnings efnis og tækja fram yfir það sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af efni þessu og tækjum, enda sé endurgreiðslubeiðni vegna þessa borin fram svo sem segir í 3. og 4. gr.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendur-greiðslan samkvæmt 2. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þessa við loka-endurgreiðslu.

8. gr.

Sé skip smíðað fyrir eigin reikning, og því ekki hægt að leggja samningsverð til grundvallar endurgreiðslu tolla, áætlað ráðuneytið „samningsverð“ þess með hliðsjón af verði sambærilegra skipa. Að öðru leyti fer um endurgreiðslur eins og að framan greinir.

9. gr.

Telji ráðuneytið smíði skips þannig háttáð eða samningsgerð um það þess eðlis, að afbrigðilegt geti talizt, getur ráðuneytið ákveðið hverju sinni, hvornig tollend-urgreiðslu skuli hagað.

II. Endurgreiðslur vegna skipaviðgerða og breytinga.

10. gr.

Nemi viðgerðarkostnaður vegna samfelldrar viðgerðar skips kr. 100 000.00 eða hærri upphæð, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af innfluttu efni til viðgerðarinnar, enda nemi endugreiðslufjárhæðin minnst kr. 10 000.00. Endurgreiðslubeiðnin skal borin fram á sama hátt og segir í 3. og 4. gr. eða á þann hátt, sem hér segir:

a. Af eftirfarandi tækjum verður greitt sérstaklega við framvísun frumrits tollreikninga og vörureikninga:

1. Aðalvél.
2. Skrúfubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
3. Öxulbrensa.
4. Fjarstýringartæki véla.
5. Ljósavélar.
6. Rafalar.
7. Loftþjöppur.
8. Loftkútar.
9. Gear fyrir aflúttak.
10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
11. Eldsneytisdælur.
12. Smuroliudælur.
13. Olíuskilvindur.
14. Vökvahæðarmælar (pejlcenral).
15. Ferskvatnsgenerator.
16. Bógskrúfur.
17. Frysti- og kælivélar.
18. Ísvélar.
19. Ísdælur eða færítæki.
20. Spil hvers konar.
21. Fiskdælur.
22. Spildælur.
23. Stýrisvélar.
24. Sjálfstýring.
25. Nótarkranar og kraftblakkir.
26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
27. Hverfirúður.
28. Anker og keðjur.
29. Áttavitar.
30. Asdictæki, fiskileitartæki.
31. Dýptarmælar.
32. Talstöðvar.
33. Lorantæki.
34. Miðunarstöð.
35. Radar.
36. Ljóskastarar.
37. Sveifarás í aðalvél.

b. Af varahlutum til dieselvéla verður endurgreitt 13% af kaupverði.

c. Af varahlutum til rafbúnaðar skips og rafeindatækja, 17% af kaupverði.

d. Af efni til bolviðgerðar tréskipa, 9% af kaupverði.

e. Af efni til bolviðgerðar á stálskipi og af efni vegna viðgerða eða endurnýjunar yfirbygginga og lestainnréttinga skipa, ef þær eru úr stáli eða áli, 1,5% af kaupverði.

- f. Af efni til viðgerða eða endurnýjunar innréttinga annarra en lestainnréttinga, 15% af kaupverði.
- g. Af öllu öðru innfluttu efni 10% af kaupverði sem sannanlega hefur farið til viðgerða á skipinu.
- h. Af gasi og súr verður ekki endurgreitt.

11. gr.

Til þess að umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt 10. gr. verði tekin til greina, þarf að fylgja umsókninni verklýsing, sem staðfest er af siglingamálastjóra að viðgerð lokinni, enda fylgist hann með verkinu frá upphafi og taki það út.

Allir reikningar að tollreikningum og erlendum vörureikningum undanskildum, sem framvísað er vegna endurgreiðslu skv. 10. gr., skulu vera stílaðir á það skip, sem viðgerð fer fram á.

III. Endurgreiðsla söluskatts.

12. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að endurgreiða söluskatt vegna nýsmíði skipa og skipaviðgerða, sem endurgreiðslurétt hafa á tollum samkvæmt auglýsingu þessari. Sanna ber með vottorðum frá viðkomandi skattstjórum, að söluskattur sá, sem beðið er um endurgreiðslu á vegna tilgreindrar nýsmíði eða skipaviðgerðar, hafi verið gefinn upp sem skattskyld velta hjá hlutaðeigandi skipasmíðastöð eða seljanda efnis, þannig að söluskatturinn muni hafa verið greiddur til innheimtumanns ríkissjóðs. Söluskattur, sem greiddur er samkvæmt tollreikningum, annar en sá, sem innheimtur er samkvæmt 6. gr. reglugerðar um söluskatt frá 31. marz 1960, mun verða endurgreiddur gegn framvísun frumrita af tollreikningum ásamt vörureikningum.

IV. Almenn ákvæði.

13. gr.

Umsóknir um endanlega endurgreiðslu tolla vegna nýsmíði skips, eftir að afhending hefur farið fram eða eftir að smíði er endanlega lokið, svo og vegna skipaviðgerða, skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum, sem siglingamálastjóri lætur í té, og kemur endurgreiðsla því aðeins til greina, að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar, og séu þau undirrituð af umsækjanda, svo og kaupanda eða eiganda skips eða umboðsmanni þeirra.

14. gr.

Reglur þessar gilda um skip og báta, sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

15. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt er felld úr gildi eldri auglýsing frá 18. október 1968.

V. Ákvæði til bráðabirgða.

16. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða gjöld skv. auglýsingu þessari af þeim byggingarstigum við nýsmíði skipa sbr. 2. gr., sem ólokið var fyrir 15. maí 1970. Sama gildir um viðgerðir.

Fjármálaráðuneytið, 12. ágúst 1970.

Magnús Jónsson.

Björn Hermansson.